

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 29/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2002 frá 1. mars 2002⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/30/EB frá 2. maí 2001 um breytingu á tilskipun 96/77/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/35/EB frá 11. maí 2001 um breytingu á viðaukum við tilskipun ráðsins 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/39/EB frá 23. maí 2001 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 25.4.2002, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 25.4.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 146, 31.5.2001, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 42.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 148, 1.6.2001, bls. 70.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32001 L 0039:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/39/EB frá 23. maí 2001 (Stjtið. EB L 148, 1.6.2001, bls. 70).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):

„- **32001 L 0035:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/35/EB frá 11. maí 2001 (Stjtið. EB L 136, 18.5.2001, bls. 42).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB):

„- **32001 L 0030:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/30/EB frá 2. maí 2001 (Stjtið. EB L 146, 31.5.2001, bls. 1).“

2. gr.

Texti tilskipana 2001/30/EB, 2001/35/EB og 2001/39/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann